

## Ábyrgð okkar allra

Fátt veldur jafnmiklum sársauka og það að lenda í einelti, segir í nýútkomnum fræðslubæklingi frá Heimili og skóla, *Einelti - góð ráð til foreldra*. Bæklingnum er ætlað að auka þekkingu á einelti og hjálpa foreldrum að öðlast betri skilning á líðan barna sinna. Það er mikilvægt að eineltismál leysist fljótt og farsælega þannig að barnið losni undan þeirri niðurlægingu sem fylgir því að vera lagt í einelti. Það er einnig brýnt að foreldrar taki vel á málum hafi barn lagt önnur börn í einelti og aðstoði barnið við að hætta því.

Heimili og skóli – landssamtök foreldra hófu nú þriðjudaginn 27. október átak gegn einelti með því að gefa út nýtt fræðsluhefti fyrir foreldra.

Við berum öll ábyrgð á því að börnin okkar búi við öryggi. Með því að tala saman og minna hvert annað á þessa ábyrgð getum við komið í veg fyrir margvísleg sárindi og vanlíðan. Heimili og skóli – landssamtök foreldra eru mikilvægir tengiliðir í samstarfi heimila og skóla í forvörnum er tengjast einelti og um örugga og jákvæða netnotkun. Töluvert er leitað til samtakanna um ráðgjöf er varðar líðan barna og margir foreldrar þurfa stuðning í samskiptum sínum við skólann.

Þegar einelti kemur upp eru starfsfólk og stjórnendur skóla ábyrg fyrir því að grípa inn málin og sjá til þess að þau verði stöðvuð. Ef skóli vill axla ábyrgð og gera skyldu sína í eineltismálum þarf að útbúa fyrirbyggjandi áætlun og hafa tiltæka viðbragðsáætlun þegar einelti lætur á sér kræla. Reynslan sýnir að langtímaáætlanir og skipulagt forvarnarstarf skila bestum árangri. Eineltisvandamálum fækkar og líðan nemenda verður betri með jákvæðari hegðun innan skólans. Í aðalnámskrá grunnskóla er kveðið á um að mikilvægt sé að nemendur geti leitað til hvaða starfsmanns skóla sem er með mál sem snúa að velferð sinni og líðan og að brugðist sé við strax og á viðeigandi hátt ef upp koma vandamál af einhverju tagi, t.d. stríðni, einelti, agabrot eða vanlíðan.

Rannsóknir SAFT gefa til kynna að öll grunnskólabörn hafi aðgang að netinu í skóla og allflest heima hjá sér. Meðalaldur íslenskra barna þegar þau fara á netið í fyrsta skipti hefur lækkað frá því rannsóknir okkar hófust. Meðalaldur var 8,7 ár árið 2003, 7,7 ár árið 2007 og 6,9 ár árið 2009. Mikilvægt er að undirbúa börn vel áður en þau byrja að ferðast um netheima, tryggja að þau temji sér góða umgengnishætti og þekki jákvæðar og neikvæðar hliðar netsins. Netið og síminn eru oft nefnd þegar rætt er um einelti, enda hafa þessir miðlar opnað nýjar leiðir til að komast að fólki t.d. með gestabókum á bloggsíðum og sms skilaboðum í farsíma.

Það er von okkar hjá Heimili og skóla að við náum í sameiningu að lágmarka neikvæða hegðun barnanna okkar á netinu og í skólum landsins. Það er mikilvægt að við tölum saman, störfum saman og sýnum börnum hvatningu, umhyggju, aðhald og eftirlit með það að markmiði að bæta líðan þeirra. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðum okkar, heimiliogskoli.is og saft.is.

Björk Einisdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra.